

**Annar fundur eigendaráðs Svæðisgarðsins Snæfellsness**  
**haldinn að Borgarbraut 16, Grundarfirði**  
**föstudaginn 25. júlí 2014 kl. 10.30.**

Björg Ágústsdóttir, Alta, setti fundinn og sagði frá því að framkvæmdastjórn hefði óskað eftir því að hún boðaði til og undirbyggi þennan fund.

**1. Fulltrúar í eigendaráði**

Aðilar Svæðisgarðsins Snæfellsness, eigendur, skipuðu fulltrúa í eigendaráðið á stofndegi þann 4. apríl sl. skv. stofnsáttmála og stjórnunaráætlun Svæðisgarðsins. Í eigendaráði sitja fulltrúar allra eigenda, tveir frá hverju sveitarfélagi og einn frá hverjum hinna sex sameigendanna, samtals 16 fulltrúar. Í stofnsáttmála er ekki kveðið á um skipan varamanna, en skoða mætti fyrir næsta aðalfund hvort ástæða sé til að breyta því og setja inn ákvæði um skipan varamanna.

Nýjar sveitarstjórnir hafa nú skipað að nýju fulltrúa sína í eigendaráðið, að afloknum sveitarstjórnarkosningum sem fram fóru í maílok sl. Einhverjar sveitarstjórnir hafa skipað einn fulltrúa og annan til vara. Sveitarstjórnirnar þyrftu að yfirfara skipan fulltrúa sinna, hvort réttur fjöldi fulltrúa sé skipaður.

Skv. þessu eru fulltrúar í eigendaráði eftirtaldir í samræmi við skipan sveitarstjórna og tilkynningu þar um:

**Sveitarfélögin:**

**Eyja- og Miklaholtshreppur:** Eggert Kjartansson oddviti og Þröstur Aðalbjarnarson, Stakkhamri

**Grundarfjarðarbær:** Aðalmaður er bæjarstjóri og varamaður Rósa Guðmundsdóttir, bæjarfulltrúi. Síðar tilkynnt að Eypór Garðarsson forseti bæjarstjórnar komi í stað bæjarstjóra.

**Helgafellssveit:** Jörundur Svavarsson. Ekki vitað hver er hinn fulltrúinn.

**Snæfellsbær:** Aðalmaður er Kristín Björg Árnadóttir, forseti bæjarstjórnar og varamaður Kristinn Jónasson bæjarstjóri.

**Stykkishólmsbær:** Sturla Böðvarsson, bæjarstjóri og Ragnar M. Ragnarsson, bæjarfulltrúi.

**Aðrir samstarfsaðilar:**

**Búnaðarfélag Eyrarsveitar:** Hallur Pálsson, Naustum, formaður búnaðarfélagsins.

**Búnaðarfélag Staðarsveitar:** Þórunn Hilma Svavarsdóttir, bóndi, Neðri-Hóli.

**Búnaðarfélag Eyja- og Miklaholtshrepps:** Þröstur Aðalbjarnarson, Stakkhamri, formaður félagsins.

**Ferðamálasamtök Snæfellsness:** Þorkell Símonarson, Langaholti, úr stjórn samtakanna.

**Snæfell, félag smábátaeigenda á Snæfellsnesi:** Örvar Már Marteinsson, úr stjórn félagsins.

**Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu (SDS):** Helga Hafsteinsdóttir, formaður SDS.

**2. Mæting**

Mætt á fundinn eru eftirtalin:

**Eyja- og Miklaholtshreppur:** Eggert Kjartansson og Þröstur Aðalbjarnarson

**Grundarfjarðarbær:** Eypór Garðarsson og Sigríður Guðbjörg Arnadóttir í stað Rósu.

**Helgafellssveit:** Jörundur Svavarsson.

**Snæfellsbær:** Kristín Björg Árnadóttir og Kristinn Jónasson.

**Stykkishólmsbær:** Sturla Böðvarsson og Lárus Ástmar Hannesson bæjarfulltrúi í stað Ragnars.

**Búnaðarfélag Eyrarsveitar:** Hallur Pálsson.

**Búnaðarfélag Staðarsveitar:** Þórunn Hilma Svavarsdóttir.

**Búnaðarfélag Eyja- og Miklaholtshrepps:** Þröstur Aðalbjarnarson.

**Ferðamálasamtök Snæfellsness:** Þorkell Símonarson.

**Snæfell, félag smábátaeigenda á Snæfellsnesi:** forföll.

**Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu (SDS):** forföll.

Auk þeirra Björg Ágústsdóttir frá Alta.

### 3. Kynning á stöðu mála

#### **Svæðisgarður**

Fyrir fundinn hafði Björg sent eftirtalin gögn til fundarmanna: Stofnsáttmáli Svæðisgarðsins Snæfellsness og Stjórnunaráætlun Svæðisgarðsins, frá stofnfundi 4. apríl 2014. Einnig kostnaðaráætlun, skv. tillögu stýrihóps í nóv. 2013 og jan. 2014 - samþykkt af sveitarstjórnnum í feb-mars og á fyrsta fundi eigendaráðs 4. apríl 2014. Björg fór lauslega yfir stofnun Svæðisgarðs, útsend gögn og efni þeirra:

Stofnsáttmállinn er sáttmáli eigendanna um stjórnfyrikkomulag og rekstur Svæðisgarðsins og afmarkar bæði skuldbindingar aðila sín á milli og gagnvart utanaðkomandi aðilum. Stjórnunaráætlun lýsir eignarhaldi og ábyrgð, tilgangi og markmiðum Svæðisgarðsins, skilgreinir hlutverk hans, samninga og áætlanir sem hann byggir á, samstarf og fleira.

Í 6. gr. stofnsáttmálans segir m.a. um hlutverk og verkefni eigendaráðsins:

*Eigendaráð tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir um starfsemi svæðisgarðs, t.d. um skipulag hans og stefnu, leggur línur um verkefni svæðisgarðs sem ákveðin eru á grunni svæðisskipulags Snæfellsness og forgangsraðar framkvæmd þeirra. [...]*

Rætt var um hlutverk eigendaráðsins og skil milli þess og framkvæmdastjórnar. Ennfremur rætt um mikilvægi þess sem segir í 6. gr., að fulltrúar í eigendaráði séu tengiliðir Svæðisgarðsins úr og í sitt bakland - í „báðar áttir“.

#### **Svæðisskipulag**

Björg sagði frá stöðu svæðisskipulagsins og hvernig það tengist vinnunni við Svæðisgarðinn. Svæðisskipulagið er hugsað sem „sóknaráætlun“ fyrir svæðið; stefna til lengri tíma sem Svæðisgarður mun fylgja, forgangsraða verkefnum og sjá um að framkvæma.

Sveitarstjórnir fjölluðu um svæðisskipulagstillöguna í mars/apríl sl. en þá var yfir 100 aðilum gefið færi á að gefa umsögn um hana á vinnslustigi. Hún tók litlum breytingum og í maí og júní sl. samþykktu sveitarstjórnir endanlega útgáfu svæðisskipulagstillögunnar til auglýsingar skv. skipulagslögum. Tillagan var síðan send Skipulagsstofnun til athugunar fyrir auglýsingu og kom svarbréf frá Skipulagsstofnun dags. 9. júlí sl. Umsögnin var afar jákvæð; 2 ábendingar en engar athugasemdir gerðar við að tillagan yrði auglýst fyrir almenningi, sem er næsta skref. Svæðisskipulagsnefnd fjallaði um umsögnina og sendi minnisblað til sveitarstjórna þann 22. júlí sl.

Margir fundarmenn lýstu ánægju með svæðisskipulagsvinnuna og framsetningu hennar í skýrsluformi sem nú liggur fyrir útprentað. Þeir þökkðu svæðisskipulagsnefnd, stýrihópi og Alta fyrir góða vinnu við undirbúning og tillögugerðina.

Sturla óskaði eftir að nýjar sveitarstjórnir fengju tíma til að kynna sér efni tillögunnar. Samþykkt var að hinkra með auglýsingu tillögunnar og gefa nýjum sveitarstjórnnum tíma til að fjalla um efni tillögunnar.

#### **Ráðning framkvæmdastjóra**

Björg og Kristín Björg sögðu frá því að starf framkvæmdastjóra hefði verið auglýst í vor og að 24 umsóknir hefðu borist um starfið. Björg hefur ásamt Capacent aðstoðað framkvæmdastjórn við gerð starfslýsingar, auglýsingu og utanumhald. Capacent aðstoðar framkvæmdastjórn við viðtöl við valda umsækjendur og undirbúning ráðninga. Framkvæmdastjórn mun funda í beinu framhaldi af þessum fundi og ræða ráðningarmálin. Vonast er til að nýr framkvæmdastjóri geti hafið störf með haustinu. Fjárhagsáætlun frá janúar 2014, sem samþykkt var í apríl sl. af samstarfsaðilum, gerði ráð fyrir launum framkvæmdastjóra í ca. 8-9 mánuði á árinu. Ljóst er að ekki verður framkvæmdastjóri á launum í svo langan tíma á árinu 2014.

#### 4. Tilnefning 3ja fulltrúa sveitarfélaganna í framkvæmdastjórn

Á fyrsta fundi eigendaráðsins, þann 4. apríl sl. var framkvæmdastjórn kosin af eigendaráði. Í framkvæmdastjórn sitja 3 fulltrúar frá sveitarfélagunum fimm og 3 fulltrúar sameiginlega frá öðrum eigendum, í samræmi við stofnsáttmála og stjórnunaráætlun Svæðisgarðsins. Í framkvæmdastjórn voru þá skipuð:

Björn Steinar Pálmason, bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar  
Gyða Steinsdóttir, fv. bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar  
Kristín Björg Árnadóttir, bæjarfulltrúi í Snæfellsbæ  
Hallur Pálsson, fulltrúi búnaðarfélaganna  
Þorkell Símonarson, úr stjórn Ferðamálasamtakanna  
Örvar Már Marteinsson, úr stjórn Snæfells

Fyrir liggur að Keli, Hallur og Örvar verði áfram fulltrúar í framkvæmdastjórn. Af hálfu sveitarfélaganna fimm verður Kristín Björg Árnadóttir áfram fulltrúi sveitarfélaganna fimm, ásamt Eypóri Garðarssyni og Sturlu Böðvarssyni sem koma inn sem nýir fulltrúar. Þessi skipan var samþykkt af eigendaráði.

Rætt var um hlutverk framkvæmdastjórnar. Í 6. gr. stofnsáttmála segir svo:

*Framkvæmdastjórn skiptir með sér verkum án tillits til þess hvaða fulltrúa eigenda er um að ræða.  
[...]*

*Framkvæmdastjórnin starfar í umboði eigendaráðs og svarar til ábyrgðar gagnvart því. Hún hefur umsjón með daglegum rekstri og áætlanagerð og sér um að framfylgja stefnu og ákvörðunum eigendaráðs. Framkvæmdastjórn vinnur starfsáætlun og leggur fyrir eigendaráðið til afgreiðslu. Hún sér um framfylgd starfsáætlana, með starfsfólki svæðisgarðs.*

*Framkvæmdastjórn er heimilt að setja á laggirnar starfshópa eða nefndir með takmarkaðan líftíma, í umboði eigendaráðs og samkvæmt fjárheimildum. Slíkir hópar geta starfað að ýmsum viðfangsefnum sem samræmast markmiðum og áherslum sem lagðar hafa verið um starf svæðisgarðs. Við stofnun slíks hóps skal skilgreina og skjalfesta tilgang með starfi hvers hóps, hlutverk hans, heimildir, líftíma o.fl.*

Á stofnfundi þann 4. apríl sl. var framkvæmdastjórn veitt umboð til að „taka til starfa, vinna á grundvelli stjórnunaráætlunar og taka nauðsynleg skref á næstu vikum.“ Umboðið náði til þess að auglýsa og ráða framkvæmdastjóra Svæðisgarðsins, eins og bókað var í fyrstu fundargerð eigendaráðsins.

#### 5. Fjármál o.fl.

Fyrir fundinum lá til kynningar, fjárhagsáætlun Svæðisgarðsins 2014 sem samþykkt var á stofnfundi þann 4. apríl sl. og var eftirfarandi upplýsingum stillt upp á glæru, á þeim grunni:

9. janúar 2014.	
Yfirlit yfir áætlaðan kostnað - sjá nánar skiptingu hér að neðan.	
Áætlaður kostnaður er með VSK	
Stofnkostnaður	3.865.000
Rekstrarkostnaður pr. ár	11.454.000
<b>Dæmi A)</b>	
Rekstur í 8 mánuði 2014	7.636.000
<b>Rekstur + stofnkostn. 2014 (</b>	<b>11.501.000</b>
<b>Dæmi B)</b>	
Rekstur í 9 mánuði 2014	8.590.500
<b>Rekstur + stofnkostn. 2014 (</b>	<b>12.455.500</b>
Rekstrarkostnaður 2015	12.026.700

M.v. 5 mánuði (ág-des.) Rekstur ca. 5 + stofnkostn. ca. 4 = 9 m.kr.

Í áætluninni er gert ráð fyrir kostnaði og fjárframlögum hvers sveitarfélags vegna starfseminnar árið 2014. Eftirfarandi glæru var stillt upp og umræða varð um framlög sveitarfélaganna:

	Íbúafj. 1.1.2014	Rekstur + stofnk. 2014 m/fyrirv.	Áætlun 2015 m/fyrirv.
		9.000.000	12.027.000
Eyja- og Mikl.	148	345.167	461.258
Grundarfjörður	872	2.033.687	2.717.684
Helgafellssveit	53	123.607	165.180
Snæfellsbær	1691	3.943.768	5.270.188
Stykkish.	1095	2.553.770	3.412.689
	3859	9.000.000	12.027.000

Í 14. gr. stjórnunaráætlunar Svæðisgarðsins segir:

*Fjárframlög til starfsemi svæðisgarðs og skipting kostnaðar er í samræmi við það sem segir í stofnsáttmála aðila.*

*Sérstök verkefni eru fjármögnuð með styrkjum og framlögum eigenda, samstarfsaðila og annarra, skv. nánari tillögum framkvæmdastjórnar, með stoð í starfsáætlun eða öðrum samþykktum eigendaráðs. Við öflun tekna og ráðstöfun þess fjár skal sérstaklega gætt ákvæða samkeppnislaga.*

Í 9. gr. stofnsáttmálans segir svo:

*Svæðisgarðurinn Snæfellsnes er samningsbundið fyrirtæki þeirra sem að því standa þar sem skuldbindingar aðila innbyrðis og gagnvart utanaðkomandi aðilum byggja á stofnsáttmála. Fyrstu fimm ár samstarfsins eru eigendur skuldbundnir til þess að leggja til fé í samræmi við rekstrarforsendur í tillögu stýrihóps svæðisgarðs frá 9. janúar 2014, m.a. uppsettri fjárhagsáætlun þar sem áætlaður er kostnaður við grunnrekstur – án sértækra verkefna.*

Í 6. gr. stofnsáttmála segir eftirfarandi:

*Eigendaráðið ákveður umfang og áherslur starfsins og samþykkir árlegar starfsáætlanir svæðisgarðs og grundvallarsamninga sem gerðir verða. Fjárhagsáætlun ársins er hluti af starfsáætlun og er ákvarðandi um fjárhagslegar heimildir svæðisgarðs. Óheimilt er að skuldbinda svæðisgarð fjárhagslega umfram það sem fjárhagsáætlun segir.*

Áréttað var af eigendaráði að það er hlutverk framkvæmdastjórnar að leggja mat á fjárþörf innan áður samþykkrar fjárhagsáætlunar með hliðsjón af starfseminni á árinu, m.a. samningum og starfstíma nýs framkvæmdastjóra á árinu. Rætt var um færslu bókhalds en Grundarfjarðarbær hefur séð um bókhald og haldið utan um fjármál fyrir undirbúningsvinnuna hingað til. Gengið er út frá því að svo verði áfram.

## 6. Kjör formanns eigendaráðs

Í stofnsáttmála, 6. grein, segir að aðalfundur kjósi formann eigendaráðsins. Formaður var ekki kosinn á stofnfundi þann 4. apríl sl. Björg hafði lagt til fyrir fundinn að formaður yrði kosinn, jafnvel þó fundurinn sé ekki aðalfundur, til að auðvelda stjórnun. Var samþykkt að tilnefna formann og fyrsti aðalfundur Svæðisgarðsins, á árinu 2015, muni síðan kjósa formann að nýju. Þetta var samþykkt og stungið uppá Eyþóri Garðarsyni sem formanni eigendaráðsins. Tillagan var samþykkt.

## 7. Önnur mál

Björg sagði að hennar hlutverki og vinnu Alta lyki fljótlega við undirbúning Svæðisgarðsins og þakkaði hún fyrir samstarfið fyrir hönd Alta. Fundarmenn þökkðu Alta fyrir gott samstarf. Í framhaldi af þessum fundi mun ný framkvæmdastjórn halda fund sinn.

Fleira ekki gert og fundi slitið.  
Björg Ágústs dóttir ritaði fundargerð.